

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nýsköpunarsjóð tónlistar – Musica Nova.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova“. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. að stuðla að nýsköpun metnaðarfullrar íslenskrar tónlistar
- b. að styrkja hin ýmsu svið tónsköpunar og koma þannig til móts við framþróun og aukna menntun á sviði tónlistar
- c. að auka atvinnuskapandi tækifæri í tónlistarlífi Íslendinga og stuðla þannig að fjölbreytilegri menningu.

Í samræmi við tilgang sjóðsins skal úthluta styrkjum úr honum til pöntunar tónverka eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir. Umsækjendur koma úr röðum flytjenda og tónleikahaldara.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins er Tónskáldafélag Íslands, kt. 660269-0889. Leggur félagið fram sem stofnframlag kr. 2.000.000, en það er styrkur sem Reykjavíkurborg hefur veitt félaginu til þess að setja sjóðinn á stofn.

Stofnandi ber engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins, umfram stofnframlag.

4. gr.

Aðrir aðilar en Tónskáldafélag Íslands geta gerst styrktaraðilar að sjóðnum með því að leggja fram fé til hans. Slík aðild skal þó háð samþykki stjórnar sjóðsins hverju sinni.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. framlög styrktaraðila til sjóðsins,
- b. vextir og arður af eignum sjóðsins,
- c. önnur verðmæti sem sjóðnum kunna að áskotnast.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af stjórn Tónskáldafélags Íslands, einn af menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar og einn af Íslensku óperunni, allir til tveggja ára í senn.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir fé og önnur verðmæti sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans. Stjórnin tekur ákvarðanir um veitingu styrkja úr sjóðnum og ráðstöfun fjár hans að öðru leyti. Stjórnin getur þó falið sérstakri úthlutunarnefnd að taka ákvarðanir um styrkveitingar. Stjórnin hefur eftirlit með því hvernig styrkjum, sem veittir eru úr sjóðnum, er varið.

8. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki allra stjórnarmanna, svo og stjórnar Tónskáldafélags Íslands. Sama gildir um ákvörðun um slit á.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 2003.

F. h. r.

Jóhanna Gunnarsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.